

LÖG

um

18

14. júní

sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu jörðina Laugaland í Reykhólahreppi.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.